## Hinn mesti ávinningur.

Svo segir dr. Colonette:
„Fyrir mannkynið allt væri það hinn mesti ávinningur, bæði líkamlega, andlega og siðferðislega, ef ekki væri til í heiminum nokkur dropi af áfengum drykkjum".

---

„Hinn besti sparisjóður fyrir peninga ungra manna er bindindisheit". (T. L. Cuyler).

---

Þau eru aðeins 5 boðorðin; eins og fingurnir á hendi lesendanna:
1. Brjóta ekki blaðið úr formi sínu;
2. láta það ekki blotna;
3. láta það ekki saurgast;
4. láta það ekki rifna og
5. að láta það ganga greiðlega.

---

Ritstjóri: Baldvin Bergvinsson.

# Morgunstjarnan.

1. ár. 14. nóv. 1896. № 2.

---

Þau eru aðeins 5 boðorðin, eins og fingurnir á hendi lesandans:
1. brjóta ekki blaðið úr sínu formi;
2. láta það ekki blotna;
3. láta það ekki saurgast;
4. láta það ekki rifna og
5. láta það ganga greiðlega.

---

## Verslunin og fleira.

(Frh.) Það var nú einmitt rétt; ég ætlaði að tala um verslunina, eins og hún nú er. Enn í hvert

skifti sem ég hugsa um hana,
kemur ósjálfrátt fram í huga
minn hryggð og kvíði. Hryggð
sökum þess, hversu sorglegt það
er, að flestir bændur eru fjötr=
aðir svo fast í skuldaböndum
sínum og eru því ekki frjálsi
og öðrum óháðir, heldur að nok
u leyti, fángar, í hinum dimm
klefa föstuverslunarinnar, sem
enn á of mikinn skildleika vi
einokun og kúgun; m. k. Sauðá
króksverslaninnar, til dæmis. —
Kvíði, kemur í huga minn, sök-
um þess, að ég hræðist þá miklu
örðugleika sem eru í veginum o
hamla mönnum að komast úr
þessum þrengingum. Og svo var
inn! — Þessi gamli og sterki
drottnari mammona. Ég get
ekki að því gert; ég hræðist

hann mikið, hér í þessu tilliti.
Hann blindar augu manna og
kennir þeim að búa við sult og
seiru; ófrelsi og þrenging; sið=
leysi og smekkleysi; afturför og
dauða. — Það er ekki nóg, að
hann kennir þeim ungu að upp=
fylla ~~sínar~~ sínar skyldur og
ganga á sínum stórgrýtta vegi,
heldur tekur líka svo þá gömlu,
knésetur þá og kennir þeim
fræðin. — Og þeir eru undarlega
næmir og námfúsir í þeim svarta
skóla, þó þeir séu nokkuð gaml=
ir. — Já, vaninn — hann er nú
það bjarg, í framfaragötunni,
sem verst er við að eiga. Hann
er oft á tíðum réttnefndur:
„Þrándur í götu". —
Og til þess að sanna mál mitt
hér að framan, vil ég alvarlega

vekja hugi manna á því, „að það sem hinir eldri leyfa sér, má búast við, að þeir yngri gjöri slíkt hið sama." Og „hvað höfðingjarnir þar hafast að, hinir ætla sér leyfist það".
Þeir ungu læra það að vera í skuldabasli. Þeim finnst það svo sem sjálfsagt, þar sem pabbi og afi voru æfinlega í skuld, og báðu æfinlega að lána sér, þegar þeir komu í kaupstaðinn, eða þegar þeir sendu miða til kaupmannsins. Þeir venjast því, að lifa af eintómu láns-fé. Þeir venjast því, að borða kornmatinn, enn sjá að kjöt-ið er látið í kaupstaðinn, annað-tvort dautt eða lifandi. Þeir venjast því, þó pabbi þurfi að ómaka sig sí og æ, frá heimili

sínu, í tómum skulda-vandræð-is-snúningum. Þá, í stuttu máli; þeir læra það og venjast því, að fara í skuldir. Og finna ekki til þess, þar þeir sjá, að allir gera það í kring. — Nei! Þetta á ekki svona að ganga. Það ætti þvert á móti, að kenna hinum ungu að hræðast skuldirnar eins og dranga. Skuldirnar þyrftu að vera draugar, sem menn ótt-uðust; þá mundu menn forð-ast þær.

Þeir eldri (bændurnir), eru oft og einatt að þarflausu í skuldum. Það gerir vaninn. Þeir eru svo vanir við það ornir, að þeir kunna ekki við annað. Það eru til all-margir bænd-ur, sem eru svo efnaðir, svo sjálf-stæðir, að þeir þyrftu ekki að

vera í skuldum; — en þeir kunna ekki við annað; þeir eru svo vanir við það! Þeir eru oft í stórum skuldum í kaupstað; kæra sig ekkert um, að vera skuldlausir. — Hér get ég ekki betur séð, en skuldirnar séu orðnar sjálfsagður vani, sem menn vilja ekki vera án. — Ekki var þetta svona, þegar ég var ungur.

En það eitt játa ég, að það er gott að geta fengið lán, í ýmsum tilfellum, en að losa sig frá því, svo fljótt sem auðið er. — — —

Já, þegar ég lít nú yfir verslunina, þá get ég ekki séð, að menn séu þar á framfara vegi. Mér sýnist nærri því eins dimmt og loftlaust þar inni, og var í gömlu baðstofunum, þegar skjá-glugga-borurnar voru á þeim. —

Það er grátlegt að hugsa um það, að margir bændur eiga í raun og veru, máske einkis eyrisvirði af því, sem þeir hafa undir höndum. Hugsa um það, þegar menn láta það besta úr fé sínu, lifandi til útlanda, og þurfa oft og einatt að láta það sæta ýmiskonar hrakn-ingi og harmkvælum, áður en þeir sjá það hrakið og þjáð fram á skipsfjölina. Hugsa um það, að margir, já, ofmargir eru ekki sjálf sín ráðandi í neinu því, sem viðkemur versluninni; að þeir í raun og veru geta ekki heitið frjálsir menn; ekki frjálsir í því að versla með ullarhárið sitt, þar sem best lætur. — Hugsa um það, hvað skuldirnar eru stórar og

hvað þær eru víða; það er eins og
menn þekki ekkert ~~st~~ sjálfstæði
eda þá sömu velgengni; þekki
ekki gömlu Íslandssöguna, þegar
eldur og ís og fleira ógurlegt ógn
adi mönnum og kenndi þeim
að fordast örbirgð og skuldir.
Það er eins og menn hugsi ekki
annað, en að færa skuldina
til yfir á hina bladsíduna; eda með
ödrum ordum, taka til láns hjá þess-
um það sem þeir borga hinum.

Framfaravidleitnin í þessari
grein, er nú harla lítil! —

Pöntunin —, er sem hlutur í
höndum manna er stórlega hef-
ur verid vanbrúkadur. En það
er audsætt, að hún er naudsyn-
leg og eini vegurinn, að svo stödd
sem bolað getur föstuverslunina,
(sé hún rétt brúkuð) og gefid

mönnum tækifæri til að komast
betur að ýmsum kaupum á út-
lendri vöru, en líka svo, að
fá hærra verð fyrir hina inn-
lendu vöru.

Adaltilgangur pöntunarinnar
var þessi, sídast sagði. —
En, hvað skedur?
Er þessum tilgangi fullnægt?
Eða, er þetta verslunar-stig, í
réttu horfi? Nei! og aftur nei!

Mér sýnist, að pöntunin, eins
og hún hefur verid brúkud, minnsta
kosti hjá þorra manna, hafi
adeins aukid út þarfirnar.
Skuldir eru hjá afmörgum, mjög
lítid minni vid föstuverslunina
(heldur máski jafnstórar) nú,
og þegar menn versludu ein-
gönga vid hana. Fjötrarnir
líkir vid kaupmenn. Og þó er

reikningur manna við pöntunina, undra hár.

Menn láta það besta úr búi sínu í þessa frjálslegu verslun, en fá oft og einatt lakari vör[ur] í henni, enn í föstuversluninni. Hveiti er keypt, sem hefu[r] spilt heilsu þjóðarinnar; og yfir höfuð að tala er oft flestur matur lakari (léttari og ódrýgri) í pöntuninni; — kaffi stundum lakara; tóbak (skraa) oft miklu verra; steinolía hefur stundum gefist verri og sv. frv. —— Þetta líka er auðskilið, ef menn íhuga það nógsamlega; — menn keppast eftir að fá útlendu vörurnar með svo <u>lágu</u> verði sem mögulegt er, enn gæta ekki að því, að á öllum heimsmarkaði er

sú varan <u>ódýrari</u> sem <u>lakari</u> er, enn hin góða vara eða sú betri ætíð dýrari. Enn nú, eftir stefnu og vilja manna, er það augljóst, að í pöntunina hefur verið innleitt það lakasta af útlenduvörunum, því það var óbeinlínis sókst eftir þeim. — Og við erum skammsýnir, Íslendingar!

Aftur á móti, hafa Englendingar haft vitið í vösunum innan um peningana. Þeir hafa ætíð sókst eftir betri vörunni hjá okkur, og ekkert séð í það, að borga hana þess meira.

Það er nú auðvitað, að í pöntuninni hefir verið ódýrari vörur, eins og áður er sagt, enn það ættu menn að hafa hugfast, að þetta <u>góða</u> <u>verð</u> er ekki

æfinlega ávinningur eda hag-
sýni ad njóta þess.

Eitt er þad, sem menn hafa ekki máski íhugad, hversu mikill tími og snúningar hafa fallid á menn sídan pöntunin var byrjud og sumt af þessari eydslu, hefur verid óþarfi. — Þeir menn, sem hafa haft á hendi stjórnsemi og verid embættismenn í ríki pönt-unarinnar, hafa því midur, máski verid, sumir hverjir, heldur eigingjarnir: tekid of há laun fyrir starfa sinn. En þad má hreint ekki eiga sér stad!

Þeir menn, sem stýra og stjórna gódu og þarflegu fyrirtæki, sem byggt er á fé fátækra manna, verda ad vera sannir framfara-menn, sem ekki hugsa ein-ungis um sinn hag; þvert á móti þurfa þeir ad bera félags-hagnadinn allan í heild sinni á brjósti sér og vinna félaginu án þess, ad hver hugsun og hver framkvæmd, hversu lítil sem kann ad vera, sé reiknud í fyllsta máli, til inntekta. Slíkum smá-sálarreikningi ætti enginn félags-limur ad gegna; því svoleidis hugsunarháttur og þannig lag-adur sjálfshagnadur getur ordid sívaxandi og ótakmarkadur, og ad lokum eydilagt félagid.

(Nidurlag í næsta bladi).

---

## Ásbyrgi.

Í Kelduhverfi í Þingeyjarsýslu, vestan fram med Jökulsá í Axar-firdi, er Ásbyrgi. Þad er einn

hinn fegursti staður á Íslandi.
Ásbyrgi er skógi vaxin kvos, er gengur suður í heiðir nokkrar, og er lukt 200 feta háum klettum á alla vegu, nema aðeins að norðan, þar er mynni á henni. Þar í mynninu er klettur, grasi vaxinn að ofan, sem nefndur er Eyjan. Kvosin er rúm hálf míla ummáls.
Inn í þessari kvos, er alslags grasaskrúði; þar er skógur, enn fremur smár; þar er grávíðir og rauðvíðir og hið fegursta grasakyn Íslandsnáttúru. – Björgin, eða klettarnir í kring, má að mestu leyti samlíkja við slétt þil, og sem enginn kemst upp né niður, ~~en~~ nema fuglinn fljúgandi. –
Þangað ferðast fjöldi manna, bæði innlendir og útlendir og þykir öllum sem þar koma, hvergi vera jafn einkennilega fagurt á Íslandi, enda hafa sumir nefnt þenna merkilega stað: hjarta Íslands. –
Það er líka satt; hvergi mun náttúran hrífa mann eins mikið, hér á landi, sem á þessum stað. Að vera þar staddur á fögrum sumarmorgni eða fögru sumarkvöldi – það er himnesk dýrð. Enda fjölgar þangað ferðamönnum árlega.
Ef náttúra guðs á torvelt með að hrífa eitthvert mannshjarta, hér á voru landi, Íslandi, þá er henni það ekki auðið, sé það ekki í Ásbyrgi.
Þegar maður er kominn inn í byrgið eða kvosina, er líkast

því, að vera í hvelfdu húsi
tómu; það tekur vel undir
í hinum ~~eik~~ einkennilegu
háu standbergum og ein hljóð-
aldan eftir aðra hoppar og
dansar í berginu umhverfis
mann, svo það er hið indæl-
asta bergmál. Þar er líka
oft sungið og þykir hið feg-
ursta.

Í jafn hestaríkri sveit
og Skagafjörður er, ættu menn
að taka sig saman og ríða
í hóp austur að Ásbyrgi.
Það ferðalag borgaði sig.
Eins og sumar ferðir gera
mann lúrlegan og slappann,
geta aftur aðrar hrest mann
og frætt. Þegar gott sumar
er, þá er vissulega skemmtilegt
að lyfta sér upp og hefur marg-
víslega og heilsusamlega
þýðingu bæði fyrir líkama
og sál. Það er annars mjög
leiðinlegt hvað fólk hér skoðar
sig lítið um; hin blíða og fagra
náttúra guðs, er þó til þess
sköpuð að menn sjái og skoði
hana og slík ómök borga
sig margfaldlega. Ísland er
þó ekki svo stórt, að ekki sé
mögulegt að sjá hið allra merk-
asta og fegursta sem það hefur
að bjóða augum barna sinna.
Ekki hyka aðrar þjóðir sér
við, að sjá og skoða það dýrð-
legasta og það um allan heim.
Ekki sátu fornmenn vorir í
sætum sínum heima, þegar eitt-
hvað var að sjá og heyra.

Enn þér getið, heiðruðu les-
endur, máski sagt á þessa leið:

að fátæktin hamli mestu, í þessu sem öðru; — það getur nú satt verið; enn að fátæktin geri mönnum almennt ómögulegt að sjá og skoðað sig um, minnsta kosti í því næsta í kringum mann — það nær engri átt!

Námfýsi, smekkur og fegurðar-tilfinning, ræður hér mestu. —

Ef einhverjum dytti í hug, að ferðast hér úr Skagafirði, austur að Ásbyrgi, þá ætti hann að fara landveg — enn ekki sjóleiðis — þótt það kynni að vera dýrara, því það borgar sig.

Á réttri leið, austur að Ásbyrgi, má sjá margt og mikið einkennilegt og fagurt.

Þá farið væri frá Akureyri yfir um hina sléttu Eyjafjarðarhólma, kæmi maður

fyrst á hinn snildarlega, breiða og fagra þjóðveg sem liggur frá Eyjafjarðará og austur yfir Vaðlaheiði að Fnjóská.

Þar næst sæi ferðamaðurinn hinn stóra og fagra skóg, sem klæðir austurhlíðar Fnjóskadals; — síðan Ljósavatn; — Goðafoss, þenna nafnkunna hrykalegasta foss landsins; hinn fríða Reykjadal og staðina Múla og Grenjaðarstað; Grenjaðarstaðir eru við Laxá (sem rennur úr Mývatni), þar er stórrausnarlegt bú og gestrisni hin mesta; stór brú og falleg er á Laxá. Síðan væri farið upp á hina lágu Hvammsheiði — þar er einhver hinn besti vegur á Íslandi.

Þá gæti maður séð hverina
(eldgígana) í Reykjahverfi.
Síðan kæmi maður að hinni
fríðu Laxamýri; þar er ein
hin mesta bygging á bónda-
bæ, sem maður fær séð hér á
landi. — Þá færi maður
út á Húsavík, sem er hér um
bil tveggja tíma hæg ferð, frá
Laxamýri; þar sæi maður
hina stóru og einkennilegu
vatnsmyllu, hún malar 100
pundin af rúgi á dálítilli
stund; þar sæi maður ein-
kennilega uppskipunar að-
ferð, — vörurnar eru keirðar
upp á afarháan bakka; —
þar sæi maður íshús, og
annað fallegasta íveruhús
á landinu, sem Þ. Guðjón-
sen, verslunarstjóri, á.

Seinast færi maður beint í
austur frá Húsavík og uppá
Reykjaheiði (hún er löng)
yfir hana og ofan í Keldu-
hverfið, þá er stutt að Ás-
byrgi.

Vér gleymdum því, að á
Skjálfandafljóti, rétt fyrir
neðan Goðafoss, er hin stóra
og ein hin mesta brú, sem
er hér á landi; hún gengur
næst Ölvesárbrúnni. Þar
færi ferðamaðurinn eflaust
af baki, til þess að undrast
slíkt tröllvirki. —

Að fara þessa ferð, til og
frá, veitti ekki af einni viku.

Hugsið nú út í þetta, bræður
góðir!

# Biblíuvísur.

gamlar.

Biblía heitir bókin sú
sem bækur hefur sjötíu og tvær;
kapitula þúsund þrjú
þrjúhundruð og ellefu nær.

Viljir þú hana ári á
alla lesa, skýrt og hátt:
vikudaga virka, þrjá
vissa kapitula átt;

sjö, lest þú, hvern sunnudag,
sautján páska og hvítasól;
er þá komið allt í lag
ef átján leggjast við um jól.

— Skildi þessi upptalning í vísunum, vera rétt?

# Virkir dagar

í ýmsum löndum:

Á Rússlandi eru 267 virkir dagar á árinu; í Englandi 278; á Spáni 290; í Austurríki 295; í Italíu (þar sem páfinn er) 298; í Belgíu 300; í Danmörk, Noregi og Sviss 303; í Prússlandi 305; í Hollandi og Norður-Ameríku 308; í Ungaralandi 312.

Hér getur maður séð, hversu þjóðirnar halda misjafnlega til helgidaganna; t.d. á Rússlandi eru 36 dagar fleiri en í Danmörku, sem ekki er unnið á, — og það er ekki alllítill skaði fyrir Rússa.

# Fróðleikur,

fyrir þá, sem ekki vita.

1. – Hver búandi maður, á að greiða, Ljóstoll til kirkju sinnar árlega, sem er 4 pund af tólg; hálfur Ljóstollur á búlausan mann, sem tíundar, (2 pund).

2. – Legkaup, er 6 álnir á landsvísu á fullorðinn mann; 3 álnir á barn innan tveggja ára. Í einni alin er nálægt hálfri krónu vanalega. Allt svo er legkaupið nálægt þrem krónum fyrir fullorðinn. Ekkert legkaup á að borga, þá hreppsómagar deyja og eru grafnir og ekkert til prests; ~~enn~~ nema ef afgangur er af eigum ómagans þegar búið er að borga alla hreppsskuldina.

Eftir kristnarétti á líksöngs- eyrir að ganga fyrir legkaupi.

3. – Þegar jörðin, sem bóndinn býr á, er stólsjörð þá ber þeim sem á henni býr engin gjöld af hundruðum hennar til kirkjunnar; enn sé jörðin, aftur á móti, ekki stólsjörð, þá ber að gjalda til kirkju af hundruðum hennar.

Í þessu liggur hinn mikli mismunur á kirkjugjöldunum hér í Silfrast. sókn, því sumar jarðirnar eru stóls-jarðir, sumar ekki.

– Þessi kynlega undirstaða kirkjugjaldanna, er síðan biskupsstóllinn var á Hól-um.

4. – Einn 16. partur af tekjum kirkjunnar, gengur til þess manns, sem ræður og stjórnar

kirkjupeningunum. Hann hefur það, fyrir að koma gjöldunum í eitt og geyma þau: fyrir verslun kirkjugjalda; og kaupa til kirkjunnar það sem þarfnast, fyrir þau. H. X.

---

## Tíminn er peningar.

Það spakmæli veitti oss Íslendingum ekki af að hugfesta og hagnýta betur enn vér gjörum. Það er raun að sjá, hve lítið oss verður úr tímanum oft og tíðum. Aðalmeinið er það, að vér hirðum ekki um að vinna verk vor í ákveðinni röð og reglu, ætla hverju verki ákveðinn tíma dagsins og keppast þá við að ljúka því af á þeim tíma. Ætla jafnframt ákveðinn tíma til að hvíla sig, og létta sér upp. Því trúir enginn, sem ekki reynir, hve drjúgur tíminn verður með því móti og vinnan þó léttari. Menn verða fjörmeiri á því og atorkusamari, hressari í lund og hugmeiri til allra framkvæmda. Óreglu með tímann fylgir oftast það, að menn eru á eftir honum með það sem þeir eiga að gera, armæðast þá út af því og eru aldrei með hýrri há, finnst þeir hafi sí og æ óbotnandi annríki og ókleyft. Þeir kvarta allt af um tímaleysi, að þeir sjái ekki út úr því, sem þeir hafi að gera o. s. frv. Aftur er eins og miklir iðju- og afkastamenn hafi allt af nógan tíma; það verður enginn var við, að þeir eigi annríkt, og þeir hafa aldrei orð á því sjálfir. Leyndarmálið er það, að þeir raða svo haganlega niður verkum fyrir sér og eru svo vel að, þegar þeir eru við verk, að tíminn verður þeim hálfu drjúgri enn ella.

Það þarf talsverðan strangleika til þess að koma á góðri og fastri tímareglu bæði fyrir sjálfan sig og aðra. En þegar hún er einu sinni komin í fastar skorður, er eins og allt gangi af sjálfu sér, eins og hjól í stundaklukku.

Föst og ströng regla á máltíðum er eitt hið fyrsta skilyrði fyrir góðri hagnýting tímans. Það er líka segin saga, að þar sem hana vantar, að þar fer fleira í ólestri á því heimili. Það er eins og þar gangi öll vinnutíma-niðurröðun úr skorðum og eftirtekjan verði mjög svo í molum.

(Heimilisbl.)

---

Ritstjóri: Baldvin Bergvinsson.

# Morgunstjarnan.

1. ár. 24. nóv. 1896. № 3.

## Þau eru aðeins 5 boðorðin

eins og fingurnir á hendi lesendans:

1. brjóta ekki blaðið úr formi sínu;
2. láta það ekki blotna;
3. láta það ekki saurgast;
4. láta það ekki rifna og
5. láta það ganga greiðlega.

---

## Verslunin og fleira.

(Niðurlag). En nú lítur út fyrir, að pöntunin verði miklu minni en hún hefir verið, þar sem